

BRÆÐURNIR KRISTJÁNS

EYRÁRBAKKA

7. janúar 1934

Kæri bróðir.

Eins og jeg gat um í símtali við þig í morgun, brann Apótekið í gærkvöldi og nótt. Jeg vil nú skýra þjer nánar frá brunanum en jeg gerði í morgun. Kl. 7 $\frac{1}{2}$ er jeg var kominn heim og var að raka mig, er hringt og sagt að kviknað sé í Apótekinu, jeg þaut strags á stað með brunakallarann, án þess að hafa þvegið sápu af andlitinu á mjer, og kvaddi fólk til aðstoðar, sem að gekk mjög vel, og eftir nokkrar mínútur, var jeg svo kominn austur að Skjaldbreið, klukkan hefir þá verið í kring um 8. Þegar að búðinni var komið, var ekki gott að sjá hvernig fara mundi, véldælan var komin á staðinn og í gang, en henni gekk illa að dæla, þar sem vindurinn var úr hafi eða heldur vestar, sá jeg strags að Skjaldbreið var í mjög mikilli hættu. Jeg þorði því ekki að treysta á stálskápinn okkar, og það því Sig. Guðmundsson að geyma fyrir mig allar bækur okkar í stálskáp hjá sér, sem hann gerði. Tókum við allar bækurnar sem í skáp okkar voru, ennfremur rit og reikningsvél og fórum með allt til Sig. Guðm.

Þegar slökkviliðið var að ljúka við að koma fyrir Asbest presseninn gum á Skjaldbreið og bensíndæluna, varð stór sprenging inni í Apótekinu, loftbrýsingurinn var svo mikill á mönnunum sem voru að koma fyrir presseningunum að þeir brýstust að húsinu, og forðuðu sér síðan frá ef meiri sprengingar kæmu. Í þessu bili breytist vindstaðan, og verður á suðaustan, mjög hæg, og minnar nú mesti hitinn á Skjaldbreið í bili. Véldælan fór nú að vinna og var stórvirk að vanda, en það átti ekki að verða langur tími sem hún var í fullu lagi, eftir nokkrar mínútur hættir hún og var ekki til nota eftir það. Nú breytist vindstaðan enn, og kemur nú landnorðan kaldi, við það verður Merkigarður í meiri hættu en áður, og var nú tekin presseningin af Skjaldbreið og flutt á Merkigarð, því álitio var að hún kæmi þar að meiri notum. En nú vex hitinn á Skjaldbreið og svo var heitt á húsinu í næstu 2 tíma að þar hjest helst engin við nema stutta stund. Kristinn Gunnarsson stóð í loftsglugganum og jós og sprautaði vatni á þakskeiðarnar, og segir hann að ómögulegt hafi verið að þola hitann þar úti nema örstutta stund í einu, enda var gluggakistan inni í herberginu uppi orðin mjög heit, Kristinn var hálfur fyrir utan gluggann og fór svo inn í herbergið og út um gluggan á víxl, inn til að kæla sig og út til að skvetta og dæla vatni. Harpíxinn úr vindskeiðunum lak niður á Kristinn og langan tíma rauk gufa út úr þakskeiðunum svo mikil að jeg hélt oft að eldur væri kominn í þær.

Pakkhúsið sem er lægra hitnaði aldrei eins mikið, járnioð utaná því varð aldrei svo heitt að ekki væri þolandi að hala um það, og engar rúður sprungu þar, aftur á móti sprungu rúður 4 í Skjaldbreið, og málning fór af hurðum uppi. Allar rúðurnar í loftsglugganum á Skjaldbreið eru sprungnar. Bílskúr Lúðvíks var rifinn í burtu, og hefi jeg ekki séð önnur eins handtök, þakið var tekið í heilu lagi og borið burt. Virðing hefir farið fram á skemdum á Skjaldbreið, og vona jeg að hún verði næg til að bæta tjónið.

Jeg hefi ekki orðið var við neinar skemdir af reik a vörum okkar, jeg aðgætti það mjög vel í dag, og varð einskis var, enda forðaðist jeg að opna pakkhúsið á meðan bruninn stóð yfir, og hurðir og gluggar eru þar svo þéttir, að vont var að opna.

Það leikur víst enginn vafi á um upptök eldsins. Sisí Lúðvíksd. var gengið inn í þvottahúsið gamla í Skjaldbreið og sá hún þá að kviknað var í jólatrénu, hún gerði svo mömmusinni aðvart, sem síðan náði strags í síma, og þá var jeg kvaddur. Margt manna var á gangi um þetta leiti, og